

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 3. nóvember 2008 í máli nr. E-2577/2008:**

**Helga Björk Magnúsar Grétudóttir**

*(Sonja María Hreiðarsdóttir hdl.)*

**gegn**

**Fjölmennt**

*(Ingólfur Hjartarson hrl.)*

Mál þetta sem þingfest var hinn 10. apríl 2008 var dómtekið 14. október 2008.

Stefnandi er Helga Björk Magnúsar Grétudóttir, Sólvallagötu 50, Reykjavík.  
Stefndi er Fjölmennt, Borgatúni 22, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur í málinu:

Að viðurkennt verði að stefnanda hafi með ólögnum hætti verið skipað í veikindafjarvistir frá starfi sínu sem tónlistarkennari hjá stefnda í desember 2005.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 13.122.009 í bætur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þingfestingardegi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað með hliðsjón af gjaldskrá Lögfræðiþjónustunnar ehf. og beri málskostnaður virðisaukaskatt. Til vara krefst stefndi þess að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði látinn falla niður.

### **Málsatvik:**

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að hún hafi ráðið sig til starfa hjá Fullorðinsfræðslu fatlaðra, sem síðar varð Fjölmennt, með ráðningarsamningi dagsettum 4. október 2002. Um 100% starf hafi verið að ræða við tónlistarkennslu. Stéttarfélag stefnanda sé Kennarasamband Íslands (KÍ) og í ráðningarsamningi aðila sé vísað til kjarasamnings KÍ um launagreiðslur og önnur starfskjör, um rétt til launa í veikindum og fleiri atriði. Þá sé einnig vísað til kjarasamnings KÍ vegna

uppsagnarfrests og fram komi í ráðningarsamningi að um réttindi og skyldur starfsmanns fari eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna án nánari lagatilvísunar.

Stefndi sé miðstöð símenntunar sem þjóni fötluðu fólki 20 ára og eldri. Stefndi sé sjálfseignarstofnun með þjónustusamning við menntamálaráðuneytið. Vorið 2002 hafi orðið breyting á rekstrarformi stefnda, sem þá hét Fullorðinsfræðsla fyrir fatlaða. Breytingin fólst í því að stefndi varð sjálfseignarstofnun í stað ríkistofnunar en með þjónustusamning við menntamálaráðuneytið.

Þann 7. desember 2005 hafi komið til árekstrar á milli stefnanda og samkennara og sviðstjóra hjá stefnda í kennslustund frammi fyrir nemendum og samkennara.

Stefnandi hafi talið að þarna hafi átt sér stað ofbeldi gagnvart sér og nemendum. Hún hafði haft samband við Vinnueftirlitið vegna þessa atburðar og óskað aðstoðar. Síðar sama dag hafi framkvæmdastjóri stefnda, Atli Georg Lýðsson, og deildarstjóri stefnda, María Hildipórsdóttir, óskað eftir fundi með stefnanda. Á fundinum hafi stefnandi sagt frá því að hún hefði haft samband við Vinnueftirlitið vegna málsins. Deildarstjórinn hafi fullyrt við stefnanda að hún væri veik sem stefnandi mótmælti.

Þann 8. desember 2005 hafi stefnandi mætt til vinnu og kennt sína tíma. Þann 9. desember hafi hún ekki átt að kenna. Þann 12. desember 2005 hafi stefnandi talað við framkvæmdastjóra stefnda í síma og hann sagt henni að hún ætti ekki að mæta til vinnu að svo stöddu. Stefnandi hafi þá aftur haft samband við heimilislækni sinn og kvartað formlega til Vinnueftirlitsins og sent formanni KÍ tölvupósta vegna málsins.

Í framhaldi hafi stefndi sett stefnanda á veikindalaun og hún fengið greidd veikindalaun frá 7. desember 2005 til 7. desember 2006 en þá verið tilkynnt að veikindaréttur hennar hjá stefnda væri tæmdur og hún fengi ekki frekari greiðslur.

Þann 3. janúar 2006 hafi stefnanda borist bréf frá Vinnueftirlitinu og í framhaldi af því verið framkvæmd úttekt hjá stefnda þann 5. janúar s.á. og gerðar þrjár athugasemdir af hálfu Vinnueftirlitsins sem flokkaðar hafi verið sem minniháttar athugasemdir.

Stefndi hafi óskað eftir aðstoð fyrirtækisins Lífs og sálar ehf. í mars 2006 vegna ásakana stefnanda um einelti og ofbeldishótanir. Hafi verið óskað eftir rannsókn Lífs og sálar ehf. á því hvað hæft væri í ásökunum stefnanda. Skýrsla fyrirtækisins, unnin af Einari G. Jónssyni og Þórkötlunni Aðalsteinsdóttur, sálfræðingum hafi legið fyrir þann 5. maí 2006.

Í skýrslunni komi fram að fjarvistir stefnanda frá vinnu hafi verið skilgreindar sem veikindaleyfi af hálfu stjórnenda. Ekkert mat sé þar lagt á ástand stefnanda en þar komi fram að ljóst sé að stefnandi hafi neitað að hlýða fyrirmælum yfirmanns. Að mati þeirra sem unnu skýrsluna hefði stefnandi við þessar aðstæður átt að gera athugasemd, yfirgefa skólastofuna og kvarta síðan við stjórnendur vinnustaðarins. Í skýrslunni komi fram að það sé ljóst að stefnandi hafi upplifað aðstæður þann 7. desember 2005 sem mjög erfiðar og hafi síðan átt erfitt með að komast yfir það sem gerðist. Einnig hafi það skapað mikla vanlíðan hjá stefnanda hversu langur tími hafi

liðið og hve óljós staða hennar hjá stefnda væri. Í skýrslunni komi fram að fullyrðing standi gegn fullyrðingu um samskiptin eftir 7. desember 2005. Stefnandi hafi kvartað undan því að enginn hafi haft samband við hana frá stefnda en stjórnendur stefnda segi að stefnandi hafi tilkynnt þeim að hún óskaði ekki eftir beinum samskiptum við þá.

Í skýrslunni komi fram það mat að hluti vandans sé að stjórnendur stefnda hafi ekki tekið á vandmálum með skýrum hætti. Stjórnendur stefnda hefðu þurft að taka afstöðu til þeirra þátta í hegðun stefnanda sem þyki ámælisverðir og ákveða hvort boða eigi áminningu vegna þeirra eða láta kyrrt liggja og koma hefði þurft skýrt fram afstaða þeirra til þess hvort stefnandi yrði boðin velkomin til starfa eða hvort einhver skilyrði yrðu sett fyrir endurkomu hennar. Stjórnendur stefndu þyrftu að taka afstöðu til þess hvort óæskilegt væri að stefnandi komi aftur til starfa eftir það sem á undan er gengið, og ef svo væri, að taka afstöðu til þess hvort bjóða eigi stefnanda starfslokasamning eða hvort setja eigi af stað uppsagnarferli.

Það hafi síðan ekki verið fyrr en með bréfi lögmanns stefnda, dagsettu 9. ágúst 2006, að boðað hafi verið til fundar vegna málsins. Stefnandi mætti til fundarins með þáverandi lögmanni sínum. Á fundinum hafi fyrrnefnd greinargerð Lífs og sálar ehf. verið lögð fram og greinargerð trúnaðarmanns fatlaðra í Reykjavík, dagsett 14. júlí 2006, vegna meintra samskiptaerfileika milli stefnanda og nemenda stefnda. Stefnandi, sem hafi ekkert vitað um vinnslu þessarar greinargerðar trúnaðarmanns fatlaðra fyrr en á þessum fundi, hafi mótmælt henni með öllu.

Stefnandi sendi félagsmálaráðuneytinu erindi í apríl 2007 og óskaði eftir því að framangreind greinargerð trúnaðarmanns yrði rannsökuð. Var svo gert og í september 2007 lá fyrir sú afstaða ráðuneytisins að andmælaréttur stefnanda hefði ekki verið virtur en að trúnaðarskylda hefði ekki verið brotið á henni.

Með bréfi lögmanns stefnda, dagsettu 7. desember 2006, var stefnanda tilkynnt að veikindalaun hennar væru fallin niður. Jafnframt var henni tilkynnt að hún hefði möguleika á lausn frá störfum ef hún framvísaði læknisvottorði um varanlega ófærni um að gegna starfi vegna vanheilsu en með því að vera leyst frá störfum á þessum grunni héldi hún föstum launum í þrjú mánuði. Loks var henni bent á að starfsmaður, sem hefði verið óvinnufær vegna veikinda samfelld í 1 mánuð eða lengur, mætti ekki hefja störf að nýju nema læknar vottaði að heilsa hans leyfði. Kæmi til þess myndi stefndi nýta sér heimild í kjarasamningi og krefjast vottorðs trúnaðarlæknis stofnunarinnar.

Þann 22. desember 2006 lagði stefnandi fram formlega kvörtun um einelti á vinnustað til Vinnueftirlitsins og þar kemur fram eftirfarandi lýsing hennar á aðstæðum:

*„Í kjölfar atviks þann 7. des. 2005 sem var formlega kvartað undan til VER 12. des. 2005 var undirritaðri sagt að halda sig til hlés þar til öldurnar lægðu í gegnum óviðkomandi aðila. Seinna var ég úrskurðuð veik af stjórnendum, án samráðs við lækna og sett í veikindafri gegn mínum vilja og læknisvottorðs aldrei krafist. Stjórnendur hafa aldrei haft beint samband við mig og er málinu enn ólokið.“*

Í bréfi stefnanda til lögmanns stefnda, dagsettu 27. apríl 2007, kemur fram að stefnandi hafi gert ítrekaðar tilraunir til að fá lausn á sínum málum með aðstoð

ýmissa aðila en að það hafi ekki tekist. Þá gerði stefnandi þá kröfu í bréfinu að stefndi segði sér upp með löglegum hætti eða að hún kæmi aftur til starfa.

Lögmaður stefnda svaraði í bréfi, dagsettu 3. maí 2007, þar sem fram kemur að stefndi sé reiðubúinn, vegna veikinda stefnanda, að ganga til samstarfs við hana um lausn frá starfi samkvæmt ákvæðum kjarasamnings. Þá var áréttað í bréfinu að óskaði stefnandi ekki eftir því væri nauðsynlegt fyrir hana að framvísa starfs hæfnisvottorði til að hefja starf að nýju. Stefnandi svaraði þessu með bréfi, dagsettu 3. júlí, þar sem hún hafnaði því að hún hefði verið veik, og benti á að ekkert í málinu styddi þá fullyrðingu, engin læknisvottorð um veikindi hennar lægju fyrir.

Með bréfi, dagsettu 13. nóvember 2007, óskaði lögmaður stefnanda eftir því að stefndi legði fram þau gögn sem legið hefðu til grundvallar því mati hans að stefnandi hefði verið veik þann 7. desember 2005 og síðar. Einnig var óskað skýringa og gagna sem legið hefðu til grundvallar þeirri ákvörðun að setja stefnanda á veikindalaun í desember 2005.

Svar barst frá lögmanni stefnda með bréfi, dagsettu 20. nóvember 2007, þar sem fram kom að stefndi hefði talið nauðsynlegt á sínum tíma að afþakka vinnuframlag stefnanda þar sem hún hefði verið talin ófær um að gegna starfi sínu vegna veikinda. Hefði stefnanda ávallt síðan verið gerð grein fyrir því að þegar og ef hún teldi heilsu sína leyfa sér að hefja starf að nýju yrði hún að tilkynna stefnda það formlega og stefndi þá fela trúnaðarlækni stofnunarinnar að leggja mat á heilsufar hennar eins og kjarasamningur heimilaði. Þá var bent á fyrirliggjandi skýrslur um málið og að stefndi hefði talið að efni þeirra skýrði hvers vegna talið hefði verið að veikindi stefnanda hindruðu hana í að sinna kennslu fyrir stefnda.

Með bréfi lögmanns stefnda, dagsettu 17. desember 2007, var stefnanda tilkynnt að með vísan til kjarasamningsgreinar 12.4.2, væri hún leyst frá störfum frá og með 7. desember 2007, vegna heilsubrests. Jafnframt að stefndi myndi afgreiða launagreiðslu til stefnanda vegna loka vinnusambandsins í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Lögmaður stefnanda mótmælti ofangreindri ákvörðun stefnda í bréfi, dagsettu 4. janúar 2008, og gerði grein fyrir fyrirhugaðri skaðabótakröfu á hendur stefnda vegna málsins. Lögmaður stefnda áréttaði í bréfi 8. janúar 2008 að stefndi teldi sig hafa gert að fullu upp við stefnanda í samræmi við kjarasamning og að fyrirhugaðri skaðabótakröfu væri hafnað.

Fram kemur í stefnu að stefnandi hafi ekki unnið frá því í desember 2005. Hún hafi ekki fengið aðra vinnu við tónlistarkennslu enda tíðkist að hafa samband við fyrri vinnustað og fá meðmæli og umsögn þegar sótt sé um starf. Þá sé tónlistarheimurinn hér á landi mjög lítill og þetta mál sé vel þekkt innan hans. Frá því í ágúst 2007 hafi stefnandi verið óvinnufær með öllu, eins og vottorð heimilislæknis hennar, sem liggur frammi í málinu, beri með sér.

Af hálfu stefnda er tekið fram að því er varðar atvik málsins að stefnandi, sem hafi starfað sem tónlistarkennari hjá stefnda, hafi lent í útistöðum við stuðningsfulltrúa og starfsfólk og farið út fyrir öll mörk í almennum samskiptareglum, og hafi það einnig bitnað á nemendum. Þann 7. desember 2005 hafi stefnandi mætti til kennslu í annarlegu ástandi að mati stjórnenda. Hafi verið óskað eftir því við stefnanda að hún færi heim, hvíldi sig og leitaði sér aðstoðar. Varðandi þennan atburð vísar stefndi í greinargerð sinni til áður nefndrar skýrslu Lífs og sálar, sálfræðistofu, sem

unnin hafi verið vegna ásakana stefnanda um einelti og ofbeldishótanir. Komi fram á bls. 7 í skýrslunni dæmi frá viðmælendum skýrsluhöfunda um ójafnvægi stefnanda og óviðeigandi hegðun: „T.d. bænahald í kennslustundum, setja krydd jurtir ofan á ofna skólahúsnæðinu til að fæla burt illar vættir og ónáða nemendur í einkalífi þeirra með heimsóknum og símhringingum. Gagnrýna stjórnendur og samstarfsmenn við nemendur og gera nemendur að trúnaðarvinum sínum.“

Þáverandi framkvæmdastjóri stefnda leitaði strax eftir ofangreinda atburði til stéttarfélags stefnanda til ráðgjafar um það hvað væri best að gera í máli hennar. Í tölvupósti frá formanni Félags framhaldsskólakennara 9. desember 2005 segir: „Félagið hafði samband við lögmann þess, Ragnar H. Hall, til að fá ráðgjöf varðandi málin sem við ræddum um í vikunni. Hann segir að við svona aðstæður geti stjórnandi afþakkað vinnuframlag starfsmanns vegna þess að hann sé ófær um að gegna starfi sínu vegna veikinda. Ef starfsmaðurinn hafnar því þá getur stjórnandi farið fram á að starfsmaðurinn fari í læknisrannsókn hjá trúnaðarlækni stofnunarinnar sem gefi þá út vottorð um vinnufærni/óvinnufærni – og um forsendur þess að starfsmaður geti/geti ekki sinnt starfi sínu. Í framhaldinu verði þá starfsmaður leystur frá störfum ef niðurstöður læknisrannsóknar sýna að hann sé ófær um að gegna þeim vegna veikinda.“

Stefnanda hafi strax í desember 2005 verið gerð grein fyrir því að stefndi teldi hana ófæra um að gegna starfi sínu vegna veikinda og að væri hún því ósammála yrði hún að fara í læknisrannsókn hjá trúnaðarlækni til að leggja mat á vinnufærni hennar. Líklegt sé að stefnandi hafi einnig fengið þessar upplýsingar frá stéttarfélagi sínu, með hliðsjón af framangreindum tölvupósti. Þá bendir stefndi á að stefnandi hafi viðurkennt veikindi sín í framkvæmd með því að leita eftir styrkjum, meðal annars frá sjúkrasjóði KÍ.

Þá kemur fram af hálfu stefnda að frá því að stefnandi fór í veikindaleyfi í byrjun desember 2005 hafi hún verið á fullum launum í 12 mánuði + 3 mánuði eða samtals í 15 mánuði.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda:**

Stefnandi byggir á því að lausn hennar úr starfi hjá stefnda vegna heilsubreysts, hafi verið ólögmat. Stefnandi telur að við undirbúning og töku þeirrar ákvörðunar hafi ekki verið gætt réttra meginreglna samkvæmt lögum og kjarasamningum. Stefnandi leggur áherslu á að við mat á lögmatu ákvörðunarinnar verði að líta á málið í heild, hinn langa aðdraganda og sérkennilega ferli þess og til þess að allar ákvarðanir stefnda í málinu verði mikilvæga persónulega hagsmuni stefnanda.

Stefnandi byggir á því að stefndi sé stjórnvald í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og að sú ákvörðun stefnda að setja stefnanda á veikindalaun sé íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun sem lúti ákvæðum þeirra laga, auk óskráðra meginreglna stjórnsýsluréttar, og verði að byggjast á málefnalegum og gildum forsendum. Stefnandi telur að með því að taka ákvörðun um að senda stefnanda heim og ákveða svo að hún væri veik, án undirbúnings og án þess að viðhlítandi grundvöllur væri lagður að ákvörðuninni, án þess að gefa skýringar á henni og án þess að gefa stefnanda kost á að tjá sig um málið, hafi stefndi brotið gegn andmælarétti

stefnanda, sbr. 13.-15. gr. stjórnslulaga, gegn rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnslulaga og meðalhófsreglu, sbr. 12. gr. stjórnslulaga, en samkvæmt því ákvæði skuli stjórnvald því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun ef markmiði verði ekki náð með öðru vægara móti.

Stefnandi telur að hún hafi orðið fyrir verulegu tjóni vegna þess að stefndi hafi með ólögætum hætti sett hana á veikindalaun og síðar veitt henni lausn frá starfi á grundvelli heilsubrests. Telur stefnandi að hún eigi rétt á að fá það tjón sitt bætt úr hendi stefnda.

Stefnandi telur að lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi um sig og sín réttindi. Stefnandi hafi gert ótímabundinn ráðningarsamning við stefnda þann 4. október 2002 og komi þar meðal annars fram að ofangreind lög gildi um starfssambandið og að stéttarfélag launþegans sé Kennarasamband Íslands (KÍ). Samkvæmt starfsmannalögum nr. 70/1996 sé skylt að veita starfsmanni áminningu og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem greindar eru í 21. gr. laga nr. 70/1996. Eru það fyrst og fremst ástæður sem rekja má til persónu starfsmannsins. Þá eigi starfsmenn rétt til launa í veikindaförföllum samkvæmt 12. gr. starfsmannalaga nr. 70/1996, sbr. lög nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 19/1979 sé það lagt í hendur launþegans, hvort hann vilji neyta réttar síns til veikindalauna, hann eigi, ef að atvinnurekandi óskar þess, að afhenda atvinnurekanda vottorð læknis, sem sýni óvinnufærni launþegans vegna veikinda. Skylda launþegans í þessu efni sé bundin ósk atvinnurekandans.

Í 12. kafla kjarasamnings KÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sé fjallað um rétt starfsmanna vegna veikinda og slysa. Þar komi fram í grein 12.1.1. að ef starfsmaður verði óvinnufær vegna veikinda og slyss, skuli hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum sem ákveði hvort læknisvottorðs skuli krafist og hvort það skuli vera frá trúnaðarlækni hlutaðeigandi stofnunar. Þá segi í greininni að krefjast megi læknisvottorðs af starfsmanni vegna óvinnufærni hvenær sem forstöðumanni /yfirmanni stofnunar þyki þörf á.

Lög nr. 19/1979, lög nr. 70/1996 og veikindakafli kjarasamningsins gangi út á að það sé starfsmaður sem tilkynni veikindi óski hann eftir greiðslu veikindalauna og beri honum að leggja fram vottorð læknis því til sönnunar ef vinnuveitandi óskar Réttur vinnuveitandans snúist um að geta krafist læknisvottorðs til staðfestingar á óvinnufærni starfsmanns sem hafi óskað eftir að fá veikindalaun greidd.

Laga- og kjarasamningaákvæðum um veikindarétt sé ætlað að veita launþegum ákveðið fjárhagsöryggi í veikinda- og slysatilvikum sem byggist á áunnum rétti launþegans til launa í veikindum. Ákvæðin gefi ekki, og hafi aldrei verið ætlað að gefa, vinnuveitanda heimild eða möguleika á því að ákveða einhliða að starfsmaður sé veikur, hefja greiðslu veikindalauna og á grundvelli þessara einhliða ákvarðana leysa starfsmann frá störfum á grundvelli heilsubrests. Það sé eingöngu þegar starfsmaður hafi tilkynnt um veikindi að myndist réttur fyrir vinnuveitanda að krefjast læknisvottorðs og starfshæfnisvottorðs.

Stefnandi byggir á því að fjarvera hennar frá vinnu hafi ekki verið óútskýrð, heldur hafi átt sér þá skýringu að stefndi hafi sent hana heim vegna samskiptavandamála sem komið hafi upp á vinnustað hennar þann 7. desember. Stefnandi hafi mætt til vinnu 8. desember, en hún hafi ekki átt að kenna 9. desember. Stefnandi hafi tilkynnt henni símleiðis að hún skyldi halda sig heima að svo stöddu, en hún hafi á þessum tíma verið vinnufær og tilbúin að sinna skyldu samkvæmt ráðningarsamningi. Þetta hafi stefnda verið heimilt og hann byggt á stjórnunarrétti sínum, en þegar hann hafi sett stefnanda á veikindalaun án nokkurrar tilkynningar um veikindi eða framlagningar vottorðs af hálfu stefnanda, hafi stefndi farið út fyrir mörk stjórnunarréttar síns. Hann hafi aldrei skýrt á hverju hann byggði ákvörðun sína og fullyrðingar um veikindi stefnanda, sem hafi strax mótmælt öllu tali um veikindi og verið reiðubúin til að mæta til vinnu hvenær sem stefndi óskaði. Stefnandi hafi aldrei reynt að sanna eða sýna fram á veikindi stefnanda, en í bréfi lögmanns hans frá 20. nóvember 2007 hafi hann í fyrsta sinn reynt að skýra á hverju niðurstaða um veikindi stefnanda hafi verið byggð. Þar sé vísað til skýrslu Lífs og sálar ehf., frá 7. maí 2006 og til greinargerðar trúnaðarmanns fatlaðra í Reykjavík frá 14. júlí 2006. Segi orðrétt í bréfinu: „Telur Fjölmennt að efni þeirra skýri hvers vegna talið hefur verið að veikindi Helgu Bjarkar hindri hana í að sinna kennslu fyrir Fjölmennt.“

Stefnandi telur að ofangreindar skýrslur staðfesti ekki með nokkrum hætti veikindi hennar. Annars vegar skýrsla unnin af sálfræðingum vegna ásakana stefnanda um einelti á vinnustað og hins vegar skýrsla unnin af þroskaþjálfra, trúnaðarmanni fatlaðra, vegna meintra samskiptaerfiðleika milli stefnanda og nemanda stefnda. Skýrslurnar hafi ekki verið unnar af læknum og geti ekki komið í stað læknisvottorðs. Fram hafi komið í bréfi lögmanns stefnda frá 20. nóvember 2007 að stefnanda hafi ávallt verið gerð grein fyrir því að þegar og ef hún teldi heilsu sína leyfa sér að hefja starf að nýju yrði hún að tilkynna stefnda það formlega og hann þá fela trúnaðarlækni stofnunarinnar að leggja mat á heilsufar hennar. Því er mótmælt að þessi krafa um starfhæfnisvottorð hafi legið fyrir frá upphafi. Það hafi fyrst verið á fundi í ágúst 2006 að gerð hafi verið krafa um að stefnandi skilaði starfhæfnisvottorði til þess að mega hefja vinnu að nýju. Skilyrði sem stefnandi hafi mótmælt með öllu.

Stefnandi hafi alveg frá upphafi mótmælt því að hún væri veik eða að hún hafi verið óvinnufær í desember 2005. Hún hafi alltaf haldið því fram að hún ætti rétt á að snúa aftur til vinnu eða að stefndi yrði að segja henni upp með lögum og formlegum hætti. Stefnandi hafi mótmælt því með öllu að stefndi hefði getað krafist þess að hún skilaði inn starfhæfnisvottorði til að mega mæta aftur til vinnu enda hafi hún ekki verið frá vinnu sinni hjá stefnda vegna veikinda. Því telji stefnandi að stefndi hafi ekki getað byggt lausn hennar frá störfum á kjarasamningsgrein 12.4.2 á grundvelli heilsuþrengingar þar sem að ákvæðið byggist á því að starfsmaður hafi verið frá vinnu vegna veikinda sem, eins og fram hafi komið, hafi alls ekki átt við.

Kröfu sína um miskabætur byggir stefnandi á því að í aðgerðum stefnda hafi falist ólöglegt meingerð gagnvart henni sem stefndi beri ábyrgð á og sé bótaskyldur vegna. Stefnandi bendir á að það hafi fyrst verið með tilkynningu hennar um einelti til Vinnueftirlits sem stefndi hafi brugðist við og óskað eftir úttekt Lífs og sálar ehf. Kröfu sína um miskabætur byggir stefnandi á því að í aðgerðum stefnda hafi falist ólöglegt meingerð gagnvart henni sem stefndi beri ábyrgð á og sé bótaskyldur

vegna. Stefnandi bendir á að það hafi fyrst verið með tilkynningu hennar um einelti til Vinnueftirlits sem stefndi hafi brugðist við og óskað eftir úttekt Lífsogsálar ehf.

Stefnandi telur að stefndi hafi með aðgerðum sínum og aðgerðaleysi gert lítið úr henni og hennar starfsframlagi án þess að veita henni nokkurt tækifæri til að bera hönd fyrir höfðuð sér. Fullyrðingar stefnda um veikindi séu með ólíkindum. Framganga stefnda gagnvart stefnanda brjóti gegn því sem talist geti eðlileg framkoma vinnuveitanda gagnvart starfsmanni. Stefnandi hafi niðurlægt stefnanda með ótilhlýðilegum hætti, brotið gegn persónu hennar og virðingu. Hún hafi ekki fengið tækifæri til að verja sig og skýra mál sitt, henni verið sett ólöglegt skilyrði fyrir því að geta snúið aftur til vinnu og svo loks sagt upp störfum með ólöglegum hætti. Stefnandi hafi því algerlega brugðist skyldum sínum sem vinnuveitandi.

Stefnandi hafi upplifað aðgerðir stefnda sem einelti og ofsóknir og telji sig af þessum sökum eiga rétt á miskabótum úr hendi stefnda. Háttsemi stefnda hafi falið í sér ólöglega meingerð gegn frelsi, friði, æru og persónu stefnanda sem leiði til þess að stefnda beri að greiða stefnanda miskabætur, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Við mat á því hvort framangreindar aðgerðir stefnda gagnvart stefnanda hafi verið meingerð gegn persónu stefnanda beri að líta til þess að lausn frá störfum hafi verið byggð á meintum veikindum sem stefndi hafi aldrei gert tilraun til að styðja gögnum. Viðurkenning á lögmæti slíkrar einhliða fullyrðingar vinnuveitanda um veikindi starfsmanns vekti upp spurningar um hvaða áhrif það hefði á vinnu umhverfi og réttarvernd launþega í landinu, það sé alltaf áfall þegar starfsmanni sé sagt upp, en það skipti líka verulegu máli með hvaða hætti starfsmanninum sé sagt upp. Aðgerðirnar veki grundsemdir um að stefndi hafi hreinlega ekki treyst sér til að segja stefnanda upp með formlegum og lögmætum hætti og því hafi stefndi valið sér þessa óvenjulegu leið til þess að losa sig við óæskilegan starfsmann.

Stefnandi kveður ástæður málshöfðunarinnar ekki síst vera kröfu sína um að fá uppreisn æru og að viðurkennt verði að hún hafi ekki verið veik þegar vinnuframlagi hennar var hafnað í desember 2005, að stefnda hafi ekki verið stætt á að krefja hana um starfhæfnisvottorð og að viðurkennt verði að hún hafi mátt þola aðför að persónu sinni, óþægindi og andlegar þjáningar, vegna engra saka.

Þá vísar stefnandi til þeirrar vitundarvakningar og hugarfarsbreytingar sem átt hafi sér stað í þjóðfélaginu á undanförunum árum um að einelti sé ekki samþykkt hvar sem það finnist fyrir. Vísast til reglugerðar nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum sem byggist á lögum nr. 46/1980. Þar er einelti skilgreint sem: „Ámælisverð eða siendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.“ Samkvæmt ákvæðum reglu gerðarinnar hvíli ríkar skyldur á atvinnurekanda um að koma í veg fyrir hvers konar einelti. Þá vísist einnig til reglna Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og til félagsmála sáttmála Evrópu, en þar sé kveðið á um rétt fólks til mannelegrar reisnar í starfi.

Stefnandi telur að aðgerðir stefnda gagnvart sér undanfarin ár falli undir skilgreininguna á einelti í fyrrgreindri reglugerð. Þetta hafi haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir stefnanda og sé hún í dag óvinnufær. Mannorð hennar og æra hafi beðið mikinn hnekki og tíminn frá því í desember 2005 hafi einkennst

af kvíða, vanmætti, ótta og reiði og haft afgerandi áhrif á líf hennar. Stefnandi telur að ákveða verði miskabætur að álitum, en ekki sé við fordæmi að styðjast.

Stefnandi sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

Mánaðarlaun (desember 05)	kr. 268.321
Yfirvinna og kennsluyfirvinna	kr. 45.076
Mánaðarlaun (janúar - apríl 06) (275.023x4)	kr. 1.100.092
Yfirvinna og kennsluyfirvinna	kr. 180.304
Mánaðarlaun (maí - desember 06) (281.420x8)	kr. 2.251.360
Yfirvinna og kennsluyfirvinna	kr. 360.608
Mánaðarlaun (janúar - desember 07) (289.583x12)	kr. 3.474.996
Yfirvinna og kennsluyfirvinna	kr. 540.912
Mánaðarlaun (janúar - desember 08) (295.374x12)	kr. 3.544.488
Yfirvinna og kennsluyfirvinna	kr. 540.912
Desemberuppbót 05/06/07	kr. 122.200
Orlofsuppbót 06/07/08	kr. 69.000
Lífeyrissj.framlag vinnuv. (11,5%, des 05-des 07)	kr. 1.437.301
<b>Samtals</b>	<b>kr. 13.935.570</b>
Til frádráttar veikindalaun, tekjur frá Félagsþjónustu,	
Sjúkrasjóði KÍ og greiðsla stefnanda í des 2007	kr. 6.813.561
<b>Samtals</b>	<b>kr. 7.122.009</b>

Miskabótakröfu sína að fjárhæð kr. 6.000.000 rökstyður stefnandi með því hversu alvarlega aðför að æru og mannorði einstaklings sé hér um að ræða, en ekki sjái fyrir endann á áhrif aðgerða stefnda á líf stefnanda.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á meginreglum vinnu- og starfsmannaréttar, stjórnisýslulögum nr. 37/1993, skaðabótalögum nr. 50/1993, lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sbr. reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum.

Krafa um vexti og dráttarvexti er reist á ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um málskostnað byggist á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### **Málsástæður og lagarök stefnda:**

Stefndi hafnar því að hann hafi á einhvern hátt gengið á rétt stefnanda. Hann telur að skýrslurnar sem liggja frammi í málinu, annars vegar skýrsla Lífs og sálar ehf. og hins vegar skýrsla trúnaðarmanns fatlaðra, sanni réttmæti þess mats stefnda á heilsu stefnanda í desember 2005 að rétt væri að hún færi í veikindaleyfi. Þá vísar stefndi til sjúkradagpeningavottorðs frá 22. ágúst 2007, sem einnig liggur frammi í málinu, en þar kemur fram að stefnandi „lenti í einelti á vinnustað sem hefur valdið miklum sálrænum erfiðleikum og orðið til þess að hún hefur ekki getað unnið“ og einnig kemur þar fram að frá 1. ágúst 2007 sé stefnandi óvinnufær með öllu. Stefnanda hafi ætíð staðið til boða, ef hún væri í raun ekki sátt við að vera í veikindaleyfi, að fara í skoðun hjá trúnaðarlækni stefnda til að meta vinnufærni. Þá liggi fyrir að stefndi hafi boðað stefnanda á fund, sem stefnandi hafi mætt til með þáverandi lögmanni sínum, til að kynna henni ofangreindar skýrslur sem unnar hafi verið af utanaðkomandi aðilum, sem stefndi hafi engar forsendur haft til að hafa áhrif á. Það geti ekki verið á ábyrgð stefnda ef þeir sem unnu þessar skýrslur hafi ekki staðið rétt að málum gagnvart stefnanda. Þá mótmælir stefndi því sem fram kemur í stefnu að stefndi virðist hafa haft það að markmiði að losa sig við stefnanda; fyrir stefnda hafi vakað það eitt að tryggja að þeir kennarar sem séu að starfi hjá honum hverju sinni séu heilir heilsu, andlega og líkamlega. Sé þetta sérstaklega mikilvægt með hliðsjón af fötlun þeirra nemenda sem starfsfólk stefnda sinnir. Þá tekur stefndi fram að skýrsla Lífs og sálar ehf. staðfesti að ekki hafi verið um einelti eða ofbeldi að ræða í garð stefnanda.

Við aðalmeðferð málsins komu fram mótmæli stefnda við því að um stjórnvaldsákvörðun hefði verið að ræða þegar ákveðið var að setja stefnanda á veikindalaun og kom fram það sjónarmið að um tvær leiðir hefði verið að velja í desember 2005 þegar stefnandi var að mati stefnda orðin ófær um að gegna starfi sínu: sú leið sem farin var og byggðist á reglum um veikindarétt annars vegar, og hins vegar, áminningar- og uppsagnarferli. Ákveðið hafi verið að fara þá leið sem vægari var gagnvart stefnanda. Þá kom fram í skýrslum fyrir dómi að haft hefði verið samband við ýmsa aðila, svo sem heimilislækni stefnanda og geðhjúkrunarfræðing sem hafi sinnt henni, áður en ákvörðun var tekin um að setja stefnanda á veikindalaun.

Stefndi tekur fram að frá því að veikindaleyfi stefnanda hófst í byrjun desember 2005 hafi hún verið á fullum launum í 12+3 mánuði eða samtals í 15 mánuði. Jafnvel þó að talið verði að ekki hafi verið staðið rétt að málum gagnvart stefnanda, telji stefndi að tjón stefnanda vegna þess hafi verið að fullu bætt. Þá verði að líta til þess í þessu sambandi að stefnandi hafi viðurkennt veikinda sín í raun enda hafi hún fengið fyrirgreiðslu bæði frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og styrktarsjóði Kennarasambands Íslands. Stefnandi telur sig hafa fylgt leiðbeiningum stéttarfélags stefnanda og ákvæðum kjarasamnings varðandi veikindi stefnanda og síðan lausn frá störfum. Ef stefnandi hefði raunverulega viljað hefja störf að nýju og talið sig vinnufæra hefði hún átt að tilkynna það formlega og samþykkja að láta

trúnaðarlækni stefnda meta vinnufærni, eins og kjarasamningur aðila kveði á um.

Varðandi varakröfu sína um verulega lækkun skaðabóta, krefst stefndi þess í því tilviki að, ef ekki verður fallist á að rétt hafi verið staðið að máli stefnanda af hálfu stefnda, verði litið á greiðslur þær, sem stefnandi hefur fengið frá því hún hætti að sinna starfi sínu í desember 2005, sem skaðabætur.

Stefndi vísar til þess sem fram kemur í framlögðum skýrslum, sem áður eru nefndar, að því er varðar miskabótakröfu stefnanda. Ljóst sé af því sem þar komi fram að stefnandi hafi verið ófær um að sinna kennslu þeirra fötluðu nemenda sem stefndi sinni. Einnig komi fram í skýrslu Lífs og sálar ehf., að því sé algjörlega hafnað að um hafi verið að ræða einelti eða ofbeldi í garð stefnanda. Sé því ekki grundvöllur til að dæma stefnanda miskabætur þar sem, jafnvel þótt niðurstaðan verði sú að ekki hafi verið staðið formlega rétt að málum.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefndi til kjarasamnings aðila, kjarasamnings milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og SFR, stéttarfélags í almannajónustu.

### **Niðurstaða:**

Það liggur fyrir í málinu að stefnandi var ráðin til starfa við tónlistarkennslu hjá stefnda, eða forvera hans Fullorðinsfræðslu fatlaðra, 4. október 2002. Ekki virðist vera um það deilt í málinu að um réttindi og skyldur starfsmannsins færi að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eins og tekið er fram í ráðningar samningi, enda var vinnuveitandinn þá ríkisstofnun. Þá er ljóst að stefnandi var að störfum hjá stefnda þar til í byrjun desember 2005, en kom ekki til vinnu eftir það. Í millitíðinni hafði rekstrarform stefnda breyst og var hann, þegar þarna var komið sögu, sjálfseignarstofnun með þjónustusamning við menntamálaráðuneytið.

Stefnandi byggir á því að sú ákvörðun stefnda að setja stefnanda á veikindalaun í desember 2005, sé stjórnarsýsluákvörðun, þar sem stefndi sé stjórnvald í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1933, og að brotið hafi verið á stefnanda með því að gæta ekki að meginreglum sem um slíkar ákvarðanir gilda. Í 1. gr. laganna segir: „Lög þessi taka til stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga“. Ekki verður séð að stefndi geti fallið undir skilgreiningu ákvæðisins, enda um sjálfseignarstofnun að ræða. Verður því ekki fallist á þær málsástæður stefnanda er byggjast á að réttur hennar samkvæmt stjórnarsýslulögum hafi ekki verið virtur.

Stefnandi fékk greidd veikindalaun í tólf mánuði frá því að hún lét af störfum hjá stefnda. Hún hélt starfi sínu í tólf mánuði eftir að greiðslu veikindalauna lauk, en þá tilkynnti stefndi stefnanda að henni hefði verið veitt lausn frá starfi vegna veikinda og fékk stefnandi þá þriggja mánaða lausnarlaun greidd. Var af hálfu stefnda vísað til greinar 12.4.2 í kjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs varðandi þessi málalok. Ekki virðist vera um það deilt í málinu að miðað við að stefnandi hafi verið veik, hafi verið rétt staðið að málum gagnvart henni að því er launagreiðslur varðar.

Taka verður undir það með stefnanda að ekki liggur fyrir í málinu skjalfesting á veikindum hennar í desember 2005, þegar stefndi sendi hana heim. Það kom fram við aðalmeðferð málsins, að haft hefði verið símasamband við stefnanda þann 12. desember 2005 og henni í því símtali meðal annars kynnt ráðgjöfin sem stefndi fékk frá KÍ 9. desember 2005 og fékk það stuðning í skýrslutöku af fyrrverandi framkvæmdastjóra stefnda við aðalmeðferð málsins. Af hans hálfu kom einnig fram að forsvarsmenn stefnda hefðu haft áhyggjur af heilsu stefnanda og haft samráð við heimilislækni hennar og fleiri heilbrigðisstarfsmenn sem hefðu sinnt henni um það leyti er hún hætti störfum hjá stefnanda. Þá kom fram við skýrslutöku af núverandi framkvæmdastjóra stefnda, þá deildarstjóra hjá stefnda, að stefnandi hefði verið nokkuð frá vegna veikinda á árinu 2005 og að hún hefði átt sveiflukennnd tímabil. Skýrslur þær, sem unnar voru vegna málsins og nefndar hafa verið, eru báðar gerðar eftir að stefnandi var komin í veikindaleyfi og ganga skýrsluhöfundar út frá því að um veikindi sé að ræða. Ekki er hægt að túlka niðurstöður þeirra sem sjálfstæða staðfestingu á veikindum stefnanda, en þær renna stoðum undir það að óviðunandi ástand hafði skapast, við kennslu nemenda hjá stefnda, vegna ástæðna er vörðuðu stefnanda.

Að því virtu sem nú hefur verið rakið verður að telja að stefndi hafi sýnt fram á það að veikindi stefnanda hafi komið í veg fyrir að hún gæti sinnt starfi sínu fyrir stefnda í desember 2005. Einnig verður að hafa í huga að stefnda var óhægt um vik að útvega læknisvottorð um heilsu stefnanda án atbeina hennar. Þá er til þess að líta að stefnandi fékk launaseðla þar sem fram kom að henni voru greidd veikindalaun í 12 mánuði, og í bréfum til hennar og öðrum gögnum sem hún hafði aðgang að kom skýrt fram að litið var svo á að hún væri í veikindaleyfi. Þá gat ekki hafa farið framhjá stefnanda að hún átti allan þann tíma, sem veikindalaunin voru greidd og auk þess í heilt ár þar á eftir, kost á að afla sér vottorðs um að hún væri fær um að gegna starfi sínu og óska eftir að fá að koma aftur til starfa hjá stefnda.

Það er því niðurstaða málsins að með greiðslu veikindalauna í tólf mánuði og lausnarlauna sem svarar þriggja mánaða launum, hafi stefndi uppfyllt launa greiðsluskyldu sína gagnvart stefnanda, enda eru þær greiðslur í samræmi við ítrasta rétt starfsmanns samkvæmt þeim kjarasamningum og lagareglum sem giltu um samningssamband aðila. Stefndi verður því sýknaður af skaðabótakröfu stefnanda. Einnig verður með sömu rökum hafnað kröfu stefnanda um viðurkenningu á því að henni hafi með ólögmætum hætti verið skipað í veikindafjarvistir frá starfi sínu hjá stefnda í desember 2005.

Stefnandi byggir miskabótakröfu sína á því að í aðgerðum stefnda, sem stefnandi hafi upplifað sem einelti gagnvart sér, hafi falist ólögmæt meingerð gegn stefnanda og vísar til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 til stuðnings kröfunni. Þegar atvik málsins eru virt og með vísan til forsendna fyrir sýknu af skaðabóta- og viðurkenningarkröfum stefnanda, verður ekki séð að stefndi hafi brotið á stefnanda þannig að uppfyllt séu skilyrði tilvitnaðs ákvæðis í lögum nr. 50/1993 og verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda um miskabætur.

Eins og atvikum máls þessa er háttað og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Stefnandi fékk útgefið gjafsóknarleyfi 28. júní 2007 vegna reksturs málsins í héraði. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Sonju M. Hreiðarsdóttur, héraðsdómslögmanns, sem ákveðst, með hliðsjón annars vegar af tímaskýrslu lögmannsins og hins vegar af umfangi málsins, 900.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Anna M. Karlsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fjölmennt, er sýkn af kröfum stefnanda, Helgu Bjarkar Magnúsar Grétudóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutnings þóknun lögmanns stefnanda, Sonju M. Hreiðarsdóttur, héraðsdómslögmanns, 900.000 krónur.

Anna M. Karlsdóttir